

Framtalsgerð og upplýsingaskil rekstraraðila 2019

Skylduskil á RSK 1.04

Öllum skattskyldum lögaðilum er skylt að skila skattframtali sínu á forminu RSK 1.04. Ennfremur er einstaklingum í atvinnurekstri með veltu yfir 20 m.kr. á árinu 2018 skylt að skila uppgjöri rekstrar síns á því formi.

Leiðbeiningar um útfyllingu og skil rekstrarframtalsins fást afhentar á starfsstöðvum ríkisskattstjóra. Þær er einnig að finna á vef ríkisskattstjóra, rsk.is.

Skilaleiðir

Skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 má skila:

- Á netframtali á þjónustusiðu framteljanda, skattur.is.
- Með tölvuskeyti úr framtalsforriti.
- Á pappírseyðublaði RSK 1.04. (Ef alls ekki er unnt að skila rafrænt).

Skattframtal rekstraraðila RSK 1.04 skal nánast undantekningalaust fyllt út og skilað á tölvutæku formi.

Öll rafræn framtöl fá ákveðna villuprófun, sem tryggir réttar samtölur og innbyrðis samræmi í útfylltu framtali.

Vefskil á RSK 1.04

Boðið er upp á skil á RSK 1.04 í netframtali ríkisskattstjóra. Farið er inn á netframtalið í gegnum þjónustusiðu á skattur.is og til þess notuð kennitala og veflykill. Veflykillinn er sendur öllum nýjum framteljendum á sérstöku blaði.

Skil með tölvuskeyti úr framtalsforriti

Skila má RSK 1.04 með dulrituðu og undirrituðu XML-skeyti, eftir að framtalið hefur verið fyllt út á tölvutæku formi í framtalsforriti endurskoðenda og bókara.

Fylgiskjöl með RSK 1.04

Almenna reglan er sú að RSK 1.04 skuli fylgja ósamandreginn ársreikningur viðkomandi félags, ásamt skýringum. Ársreikningi er hægt að skila rafrænt í gegnum þjónustusiðu á skattur.is.

Ath. Ef félag er örfélag og það skilar ársreikningi til ársreikningaskrár með „Hnappnum“, þá þarf það ekki að skila hefðbundnum ársreikningi með skattframtali sínu.

Með RSK 1.04 skal einnig, eftir því sem við á, skila:

- RSK 4.01 Eignaskrá.
- RSK 4.03 Rekstraryfirlit fólksbifreiðar.
- RSK 4.09 Greinargerð um fólksbifreiðar.

- RSK 2.025 Greiðslufirlit vegna greiðslna til erlendra aðila.
- RSK 4.21 Greinargerð um skattfrádrátt nýsköpunarfyrirtækis.
- RSK 4.22 Nýsköpun-samstarfsverkefni.
- RSK 4.24 Skýrsla lögaðila á lágskattasvæði (CFC).
- RSK 4.25 Skýrsla eiganda í lögaðila á lágskattasvæði.
- RSK 4.28 Tengdir aðilar og skjölunarskylda vegna milliverðlagningar.
- RSK 4.29 Greinargerð um aflaverðmæti og rekstrar-kostnað fiskiskipa.

Lögaðilar í búrekstri þurfa ennfremur að skila sérstöku eyðublaði í rafrænum skilum, RSK 4.07, ásamt RSK 1.04. Á þessu eyðublaði er yfirlit yfir bústofn. Skili lögaðilar í búrekstri RSK 1.04 á pappír, þarf að fylgja með bústofnshluti landbúnaðarskýrslu RSK 4.08.

Eyðublöðunum RSK 10.26 og RSK 10.27 ber eftir atvikum að skila vegna virðisaukaskatts. Jafnframt þarf að skila eyðublaði RSK 10.25 vegna hvers virðisaukaskattsnúmers, ef framteljandi hefur fleiri en eitt slíkt númer. Öllum þessum eyðublöðum er hægt að skila rafrænt.

Pappírsframhaldseyðublað RSK 4.14

Ef ekki eru nógu margar línur á RSK 1.04 á pappírformi til að sundurliða upplýsingar um samrekstraraðila, skal nota framhaldsblað RSK 4.14. Merkja skal í þar til gerðan reit (0060) á RSK 1.04.

Sundurliða skal leiðréttingar skv. reitum 1030, 1040, 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4386, 4390, 4391, 6080, 6092, 6110, 6122, 6136, 6150, 6164, 6176, 6186, 6198, 6232, 7190, 0695 og 9621 í sérstakri töflu á framhaldsblaðinu.

Þar á einnig að sundurliða þær skattalegu leiðréttingar, sem fram koma í reit 4400 á 4. síðu RSK 1.04. **Ef reitur 4400 á RSK 1.04 er útfylltur skal undantekningalaust skila framhaldseyðublaði RSK 4.14.**

Kennitala þarf að koma fram á öllum framhaldsblöðum.

Sé framtali skilað á tölvutæku formi, þarf aldrei að skila framhaldsblaði RSK 4.14, því reitir framhaldsblaðsins eru innbyggðir í tölvutæk skil.

Mikilvæg atriði varðandi útfyllingu RSK 1.04 á pappír

- Ljúka þarf útfyllingu alls framtalsins, eftir því sem við á. Allar blaðsíður framtalsins mynda í raun eitt samhangandi form.
- Nauðsynlegt er að fylla út í samtölureiti. Þetta gildir sérstaklega um reiti 4990 og 7990. Í rafrænu framtali er sjálfvirkur útreikningur í samtölureitum.
- Fjárhæðir í reitum 4990 og 7990 skulu undantekningalaust fluttar í reiti 0900/0910 og 0920/0930, á forsiðu framtalsins. Þetta gerist með sjálfvirkum hætti í rafrænu framtali.

Skattframtal óskattskyldra lögaðila – RSK 1.06

Félög/stofnanir sem njóta undanþágu frá tekjuskatti, skv. 4. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 (þó ekki félög í 4. tölul. 4. gr.), eiga **ekki** að skila skattframtali rekstraraðila *RSK 1.04*. Þau geta þó eftir sem áður þurft að skila margvíslegum gögnum til skattfyrivalda.

Á sérstöku eyðublaði í rafrænum skilum, **RSK 1.06, Skattframtal óskattskyldra lögaðila**, eiga að koma fram allir gjaldstofnar sem þessi félög geta átt að gera grein fyrir og skila til skattfyrivalda. Hér er aðallega um að ræða tryggingagjaldsstofnu (ef félagið hefur greitt laun á árinu). Hafi félagið haft arð af hlutabréfum, hagnað af sölu hlutabréfa eða vaxtatekjur þarf að fylla út kaflann „Greinargerð um fjármagnstekjur“ á *RSK 1.06*.

Þau félög sem telja sig undanþegin skattskyldu skv. 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga eiga þrátt fyrir það að skila hefðbundnu skattframtali á forminu *RSK 1.04* (en ekki á forminu *RSK 1.06*).

Skil á launaupplýsingum vegna álagningar tryggingagjalds og fjársýsluskatts (launaframtal)

Á árinu 2019 verða skil lögaðila og einstaklinga í rekstri á launaframtali með óbreyttum hætti frá fyrra ári:

- Skattskyldum lögaðilum skv. I. kafla laga nr. 90/2003 ber að gera grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds og fjársýsluskatts á 8. síðu skattframtals rekstraraðila **RSK 1.04**. Skilafrestur skattframtals lögaðila rennur út í lok maí 2019.
- Félög/stofnanir sem njóta undanþágu frá tekjuskatti, skv. 4. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 (þó ekki félög í 4. tölul. 4. gr.), og sem greiða laun eða eru með aðrar tryggingagjaldsskyldar greiðslur, skila launaframtali sínu (stofni til tryggingagjalds) sem hluta af skattframtali óskattskyldra lögaðila **RSK 1.06**. Skilafrestur rennur út í lok maí 2019.
- Einstaklingar sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi gera grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds á samræmingarblaði **RSK 4.05** í rafrænu framtali sínu. Einstaklingsframtölum skal skila í mars á hverju ári.

Skil á launamiðum og samtalningsblaði

Þrátt fyrir að skattskyldir lögaðilar geri grein fyrir stofni til tryggingagjalds og fjársýsluskatts á bls. 8 á *RSK 1.04*,

þá eiga þeir eftir sem áður að skila **launamiðum** á rafrænu formi fyrir **20. janúar 2019**. Samtalningsblaði úr launakerfi, þar sem fram koma samtölur allra reita á launamiðum, sem sendir eru til skattfyrivalda, skal skilað með þeim launamiðum sem sendir eru á pappír, geisladiski eða segulmiðli, til afstemmingar við innlestur.

Skil á hlutfjármiðum og samtalningsblaði hlutfjár

Minnt skal á að öllum hlutfélögum, einkahlutfélögum, samlagshlutfélögum og samvinnuhlutfélögum ber að skila hlutfjármiðum *RSK 2.045*, ásamt samtalningsblaði hlutfjár *RSK 2.04*. Á hlutfjármiðum þurfa m.a. að koma fram upplýsingar um hlutfjáreign hluthafa í árslok og greiddan arð til þeirra á árinu 2018. Sömu skilafrestir eiga við um skil hlutfjármiða og launamiða.

Með sama hætti eiga samvinnufélög að skila stofnsjóðsmiðum *RSK 2.065* og samtalningsblaði stofnsjóðs *RSK 2.06*.

Rafræn skilaleið launamiða og hlutfjármiða

RSK bauð á árinu 2005 upp á nýjungar í launamiðaskilum, sem fólust í beinum skilum úr launakerfum með XML-skeyti eða skráningu launamiða og innlestri launamiðaskráa á þjónustusíðu launagreiðanda á *skattur.is*.

Allir launagreiðendur og hlutfélög eru hvött til að nota þessar rafrænu skilaleiðir vegna skila á launamiðum og hlutfjármiðum.

Skil á afdreginni staðgreiðslu af vöxtum og arði

Öllum einkahlutfélögum, hlutfélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila ber að skila *RSK 5.20*, skilagrein vegna skatts af vöxtum og arði. Skýrsluna (gíröseðilinn) er unnt að greiða í öllum bönkum, sparisjóðum og hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. **Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs, vaxtatekna eða affalla á árinu, skal skila núllskýrslu til skattfyrivalda.**

Gjalddagar afdreginnar staðgreiðslu skatts af vöxtum og arði eru 20. janúar, 20. apríl, 20. júlí og 20. október en eindagi 15 dögum síðar. Greiða skal í síðasta lagi á eindaga.

Hægt er að standa rafrænt að þessum skilum á þjónustusíðu á *skattur.is*.